

Flóaskóla 2. september 2022

Sveitastjórn Flóahrepps
c/o Hulda Kristjánsdóttir
sveitastjóri


Erindi: Skólalóð Flóaskóla og aðstaða til íþróttakennslu

Í framhaldi af vinnu við deiliskipulag skólalóðar óska skólastjórnendur og íþróttakennari Flóaskóla eftir að unnin verði áætlun um framkvæmdir á skólalóð sem lúta að því að lagfæra og betrubæta leiksvæði nemenda. Í því samhengi er vert að benda á að slík framkvæmd hefði ekki eingöngu áhrif á leiksvæði í frímínútum nemenda heldur mundi það jafnframt bæta aðstöðu til íþróttakennslu, en íþróttir eru kenndar utandyra í 2 – 3 mánuði á hverju skólaári. Góð skólalóð hefur jafnframt mikið gildi fyrir starfsemi félagsmiðstöðvar og eykur mjög fjölbreytni fyrir samveru og leiki nemenda sem hana sækja. Auk þess hefur skólalóðin mikið félagslegt gildi í samfélaginu og getur gengt mikilvægu hlutverki í tengslum við Heilsueflandi samfélag.

Umræða um skólalóð og leiktæki sem eru í boði fyrir nemendur hefur verið í gangi um nokkurn tíma og hafa óskir nemenda um úrbætur verið mjög afgerandi. Margar hugmyndir hafa komið fram um hvað séu æskileg leiktæki á skólalóðinni og sýnist sitt hverjum. Í samráði við íþróttakennara leggjum við til að skoðaðir verði möguleikar á að vinna að eftirfarandi hugmyndum í þeirri forgangsroð sem hér er sett fram:

- *Körfulboltavöllur* með tveimur körfum. Ekki er þörf á að hafa völinn í fullri stærð þar sem reikna má með að þegar íþróttahús kemur til sögunnar skapist þar aðstaða fyrir eldri nemendur.
- *Ærslabelgur*. Mörg sveitarfélög hafa sett upp slíka aðstöðu og nýtist hún öllum aldurshópum jafnt á skólatíma sem utan hans.
- *Skólahreystibraut / klifurgrind*. Ekki þarf að fjölyrða um árangur Flóaskóla í skólahreysti og mundi slík braut efla enn frekar aðstöðu nemenda til þjálfunar og undirbúnings. Ef slík brauttelst of kostnaðarsöm teljum við mikilvægt að skoðaðar séu aðrar leiðir t.d. klifurgrindur.
- *Leiktæki fyrir yngri nemendur* s.s. rólur, kastali, jafnvægisslá og fleiri útileiktæki.

Virðingarfyllst,


Gunnlaug Hartmannsdóttir,
skólastjóri


Sigrún Helgadóttir,
aðstoðarskólastjóri

Örvar Rafn Hlíðdal,
íþróttakennari og umsjónarmaður
Félagsmiðstöðvar



Tillaga að teymi / vinnuhóp um uppbyggingu á húsnæði og skólalóð Flóaskóla

Verkefni teymis væri að fullvinna þarfagreiningu húsnæðis og aðstöðu við Flóaskóla og skila til sveitarstjórnar tilögum að uppbyggingu við Flóaskóla, áfangaskiptingu og tímasettri framkvæmdaáætlun á grundvelli þarfagreiningar. Æskilegt væri að fá Eflu í áframhaldandi vinnu við þetta þar sem þau eru inni málum og með öll gögn hjá sér.

Þessi hópur myndi skila af sér fullkláruðu verki í mars 2023 en strax og ljóst er hvað fyrsti áfangi felur í sér skal leggja hann fyrir sveitarstjórn til samþykktar svo hægt verði að setja þá uppbyggingu í hönnunar, útboðs og uppbyggingarferli. Sveitarstjórn myndi þá skipa bygginganefnd sem tekur við áfanganum og leiðir hann til enda. Á því stigi væri eðlilegt að skipa minni hóp / bygginganefnd sem sæi um að keyra framkvæmdina sjálfa, að einhverju leiti sama fólk en fenginn yrði faglegur byggingarstjóri að verkinu.

Teymi um uppbyggingu væri fjölskipað og í því myndu sitja eftirfarandi fulltrúar:

- Oddviti sveitarstjórnar sem leiðir teymið
- Sveitarstjóri sem heldur utanum gögn og ritar fundargerðir
- Fulltrúi minnihluta í sveitarstjórn
- Skólastjóri Flóaskóla
- Fulltrúi starfsmanna Flóaskóla
- 2 fulltrúar nemenda
- Formaður / fulltrúi framkvæmda og veitunefndar
- Formaður / fulltrúi fræðslunefndar
- Formaður / fulltrúi íþróttá- æskulýðs og menningarnefndar
- ?

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps